

um frv. til laga um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á 6 fundum, en því var vísað til nefndarinnar 19. mars. Samkomulag varð ekki um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, flytur nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem þar er gerð tillaga um. Einstakir nefndarmenn í meiri hlutanum, og þá einkum Kjartan Ólafsson, sem gegnt hefur formannsstörfum í nefndinni undanfarnar vikur, áskilja sér rétt til að vinna að frekari breytingum á 3. gr. frumvarpsins milli 2. og 3. umræðu um málið.

Minni hlutinn, þeir Matthías Á. Mathiesen og Ólafur G. Einarsson, mun skila sérálit.

Fjölmargir aðilar hafa verið kvaddir á fund nefndarinnar til viðræðna og varðandi upplýsingaöflun. Má þar m. a. nefna fulltrúa frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, Ferðamálaráði, Landsvirkjun, frá tveimur samböndum lífeyrissjóða og frá fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar snerta níu greinar frumvarpsins.

Við 3. gr. frumvarpsins er gerð breytingartillaga við málsgrein sem í frumvarpinu er á þessa leið: „Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn skuli kaupa bréf af hvorum þessara fjárfestingarsjóða.“ Lagt er til að niður falli orðin „skuli kaupa“, en í staðinn komi orðið „kaupi“.

Við 9. gr. er gerð sú breyting, að heimild Framkvæmdasjóðs til erlendrar lántöku er hækkuð úr 3 950 millj. kr. í 4 450 millj. kr. Jafnframt er kveðið á um að Framkvæmdasjóður skuli lána Fiskveiðasjóði Íslands allt að 450 millj. kr. af fyrrnefndri upphæð til að mæta lækkuðum tekjum Fiskveiðasjóðs vegna laga nr. 3 frá 2. mars 1979.

Þær breytingar, sem tillaga er gerð um við frumvarpsgreinarnar númer 13, 15, 17, 18 og 19, eru allar af sama tagi. Samkvæmt frumvarpi um heimild til lántöku o. fl. er ráð fyrir því gert, að tekjur þeirra sjóða, sem fjallað er um í 12.—19. gr., skerðist um 10%. Tölur frumvarpsins eru fengnar með því að draga 10% frá þeirri upphæð sem áætlað var í desember s. l. að kæmi í hlut sjóðanna vegna lögbundinna framlaga og markaðra tekjustofna. Nú í apríl liggur hins vegar fyrir að heildartekjur sjóðanna með markaða tekjustofna yrðu að óbreyttum lögum nokkru hærri en áætlað var í desember, og er því nú lagt til að lágmarksframlög til einstakra sjóða eða samanlagðar tekjur einstakra sjóða verði miðaðar við 10% skerðingu frá nýjustu áætlun um það hvað tekjustofnar sjóðanna hefðu fært þeim að óbreyttum lögum. Hér er um nokkra hækkun á tekjum og framlögum til viðkomandi sjóða að ræða frá því sem frumvarpið gerði ráð fyrir, þar sem 10% skerðingin er í breytingartillögum reiknuð frá hærri stofni en áður. — Tillaga um breytingu í 14. gr. felur í sér að bætt er í greinina setningarhlutanum: „og ákvæði laga nr. 3/1979, um útflutningsgjald af sjávarafurðum“. Breyting á lögum um útflutningsgjald hafði í för með sér lækkun á framlagi ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs. Í ljósi nýrrar spár um aflaverðmæti 1979 og laga nr. 3/1979, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, hefði framlag ríkissjóðs átt að nema um 1 342 millj. kr. Skerðing á framlagi ríkissjóðs um 10% jafngildir því að til sjóðsins rygnu um 1 208 millj. kr., en það er 67 millj. kr. lækkun frá fjárlögum. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að fjárlagatalan 1 275.5 millj. kr. standi óbreytt. Alls nemur þessi hækkun 600—700 millj. kr., en þar af fara rúmar 500 milljónir til Byggingarsjóðs ríkisins.

Við 20. gr. frumvarpsins er gerð sú breytingartillaga, að í stað þess, að allt að 10% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs renni til Ferðamálasjóðs, er hér lagt

til að allt að 30% af þessum skilum renni til Ferðamálasjóðs. Samkvæmt núgildandi lögum, nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, eiga hins vegar 10% af veltu Frihafnarinnar á Keflavíkurflugvelli að renna til Ferðamálasjóðs. Áætlað hefur verið að velta Frihafnarinnar á árinu 1979 verði um 1 800 millj. kr., en skilin til ríkissjóðs um 480 millj. kr. Sé við þessa áætlun miðað hefðu óbreytt lög fært Ferðamálasjóði 180 millj. kr., samkvæmt frumvarpinu hefði sjóðurinn fengið 48 millj. kr., en samkvæmt breytingartillögunni 144 millj. kr.

Hér hefur verið gerð nokkur grein fyrir þeim breytingartillögum, sem við í meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar leggjum fram nú fyrir 2. umræðu málsins. Við mælum ekki með samþykkt annarra breytingartillagna.

Alþingi, 27. apríl 1979.

Kjartan Ólafsson,  
form., frsm.

Halldór E. Sigurðsson,  
fundaskr.

Bjarni Guðnason.

Vilmundur Gylfason.

Þorbjörg Arnórsdóttir.